

Alþingi

Erindi nr. Þ/13/1991

komudagur 15/3 1991

Félagsmálanefnd efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll,
150 Reykjavík

Reykjavík 13.3.1991

Efni: frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga

Landssamtökin Þroskahjálpi beina þeim eindregnu tilmælum til alþingismanna í efri deild Alþingis að þeir styðji frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.


Eins og nefndarmönnum mun kunnugt stendur yfir endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra og hefur það starf að miklu leyti miðast við að samtímis verði sett nútímaleg löggjöf um félagsþjónustu fyrir allan almenning í landinu. Væri það fyrsta skref í þá átt að leggja niður sérlög sem vissulega ber að stefna að þegar til lengri tíma er litið.

Samkvæmt núgildandi lögum ber ríkisvaldið ábyrgð á þjónustu við fatlaða og því geta sveitarfélögin vikið sér undan ábyrgð á fötluðu fólki sem vissulega eru íbúar sveitarfélaganna og ættu að eiga sama rétt og aðrir. Þess vegna þarf að lög- festa rétt fatlaðra til þjónustu sveitarfélagsins svo sem heimþjónustu. Slík þjónusta getur skipt sköpum í möguleikum fatlaðra til þess að geta lifað sjálfstæðu lífi á eigin forsendum.

Umrætt frumvarp kann að vera einhverjum annmörkum háð en er ótvírætt framfaraspor í þá átt að allir sem eiga í félagslegum vanda eigi sama rétt til aðstoðar óháð því hvaða orsakir liggja að baki vandamálinum.

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar


Ásta B. Þorsteinsdóttir
formaður


Lára Björnsdóttir
framkvæmdastjóri